



ALMANNAVARNIR SUÐURNESJA, utan Grindavíkur

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbær

Fundargerð

Fundur haldinn í Almannavarnarnefnd, aðgerðarstjórn

föstudaginn 3.apríl 2020

kl. 14:00 í fjarfundabúnaði vegna Covid -19

Mættir: Kjartan Már Kjartansson, Ólafur Helgi Kjartansson, Magnús Stefánsson, Ásgeir Eiríksson, Sigurður Skarphéðinsson, Jón Guðlaugsson, Fjölur Guðmundsson,

Gestur: Fannar Jónasson bæjarstjóri Grindavíkur

Ólafur setur fundinn.

Ólafur fer yfir stöðuna á Suðurnesjum í stuttu máli, 65 staðfest Covid -19 smit hafa verið greind og 318 eru í sóttkví, 54 eru í einangrun og síðan hefur 21 batnað. Eru allir viðbragsaðilar að vinna á þeim nótum að halda órofinni starfssemi og er það þannig hjá Lögreglu, Brunavörnum Suðurnesja og HS Orku. Lögreglan hefur verið að fylgjast með samkomubanninu og farið t.d. í Nettó að skoða málin og var þar t.d. búið að aðskilja með plexigleri á milli starfsfólks og almennings. Hafa fengið nokkrar tilkynningar um brot á banninu en þær ekki verið á rökum reistar.

Sveitarfélögin eru öll að vinna í þessum málum með svipuðum hætti, með fjarvinnu þar sem hægt er að koma því við og aðskilnaði deilda og vinnu.

Jón/BS og Fjölur HSS.

Búið er að útbúa bíl sem er hugsaður fyrir flutning á sitjandi COVID -19 sjúklingum og /eða fólki sem er að fara í greiningu og er með grun um COVID -19 smit. Hefur að sögn Jóns verið meiri notkun á þessari bifreið heldur en reiknað var með. Var skermað á milli sjúkling og ökumanns og síðan er bíllinn sótthreinsaður á milli útkalla. Fjölur kemur inn á að mögulega þurfi að útbúa annan svona bíl ef flutningum fer að fjölga mjög mikið. Er um að ræða bíl sem er aðeins með ökumann/sjúkraflutningsmann því sjúklingar þurfa ekki aðstoð, þá væri um að ræða almennan sjúkrabíl. Jón kemur inn á að sjúkrabílaáhöfn í Grindavík sé komin í sóttkví og því aðeins ein áhöfn til staðar. Eru samt fleiri

en sumir eru starfsenn Víðihlíðar og mega ekki vinna á báðum stöðum. BS gæti þurft að aðstoða við sjúkraflutninga í Grindavík.

Fjölur/HSS

Sóttvarnarhús stendur okkur á Suðurnesjum til boða ef fólk á ekki kost á að vera heima. Kemur Jón þá inn á að spurning hefði komið upp hvernig Lögregla og BS ætluðu að tækla það ef starfsmenn þurfi að fara í sóttkví og geti ekki farið heim til sín eftir vakt t.d. Lögreglan var ekki búin að skoða með þetta. Fjölur segir að Hótel Keflavík hafi haft samband og boðið herbergi ef HSS þyrfti t.d. að kalla inn mannskap frá bakvarðarsveit, taldi hann að þetta gæti alveg eins átt við BS og lögregluna. HSS er með sýnatökur á hverjum degi og voru tekin 37 sýni í dag, hafa verið um ca. 30-40 á dag undanfarið og ca. 3-5 smitaðir af þeim. Því er alveg ljóst að töluvert er um aðrar umgangsspestir að ræða á svæðinu líka. Ætti að vera hægt að fá upplýsingar um þetta á hverjum degi. 2 hjúkrunarfræðingar hafa verið veikar en ekki tengt Covid. HSS hefur samband við alla sem eru smitaðir á hverjum degi.

Kjartan RNB.

7 starfsmenn hafa smitast en einum leikskóla var lokað á tímabili. 15 starfsmenn eru í sóttkví. Bæjarstjórn er almennt vel upplýst en einn bæjarfulltrúi kvartaði yfir að vera ekki nægjanlega upplýst og ætla þeir að bæta úr því. Líðheilsufulltrúi RNB sem er menntaður hjúkrunarfræðingur var búin að skrá sig í bakvarðarsveit og er að fara að leysa af á Ísafirði.

Magnús Stefánsson, Suðurnesjabær

Skipulag gengur mjög vel, engin verið á bæjarskrifstofum og eru margir að vinna í fjarvinnu. Einn bæjarfulltrúi smitaðist og var þungt haldin um tíma og lenti á gjörgæslu en er að batna. Ekki vitneskja um að aðrir starfsmenn séu smitaðir.

Ásgeir Eiríksson, Vogar

Gengur almennt vel og ekki vitað um neinn smitaðan starfsmann. Tveir voru í sóttkví og síðan eru 3 úr skólanum í sjálfskipaðri sóttkví vegna undirliggjandi sjúkdóma. Skrifstofur eru lokaðar en menn eru að vinna á móti hvor öðrum. 3 manna aðgerðarstjórn fundar daglega í fjarfundabúnað og setja þeir inn upplýsingar á COVID síðu sveitarfélagsins.

Fannar Jónasson, Grindavík

Einn leikskólastjóri er í sóttkví og einn starfsmaður á höfninni. Einhverjir í sjálf-skipaðri sóttkví. Engar stofnanir lokaðar en verið að skiptast á dögum í

vinnu. Einn bæjarfulltrúi er í sóttkví en bæjarstjórn fundar í fjarfundabúnaði .
Hefur almennt gengið vel.

Ólafur

2 almennir lögreglumenn og 2 af vöktum hafa verið í sóttkví. Umræðan um virkjun aðgerðarstjórnar. Lögreglan hefur verið að funda með Almannavörnum Ríkislögreglustjóra og munu gera það líklega annan hvern dag.

Búið er að ræða við Persónuvernd og hefur fengist leyfi til að birta upplýsingar en almenningur hefur dálítið verið að leita eftir því.

Grindavík

Fannar

Ennþá er mikið landris við Grindavík og er það nú nýmæli af fundi jarðfræðinga að þetta geti verið vegna niðurdælingar frá Svartsengi. Er HS Orka ekki sammála þessu en gamlar rannsóknir segja þetta mögulegt. Hefur þetta dálítið legið í láginni vegna COVID – 19 ástandsins en þarf að fylgjast vel með þessu.

Ólafur segist mikið betur upplýstur ef fundinn og ákveðið er að funda næst á miðvikudag fyrir páska.

Fundi slitið kl. 14:45